

Alþingi
Erindi nr. P/23/1032



komudagur 22.2.1999

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingar á lögum um meðferð
opinberra mála, þingmál 354.**

Reykjavík, 19. febrúar 1999

Allsherjarnefnd Alþingis.

Inngangur. Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 biða nú heildarendurskoðunar. Þrátt fyrir það taldi Dómsmálaráðherra rétt að leggja fram á þessu þingi veigamikil frumvarp til breytinga á lögnum, sem að mestu mun hafa verið undirbúið af Réttarfarsnefnd. Meginhlutverk breytingatillagnanna er, eins og fram kemur í greinargerð, að rétta stöðu brotþola í ýmsum mikilvægum atriðum. Einnig eru gerðar aðrar tillögur, sem í greinargerð eru kallaðar smávægilegar.

Stjórn Lögmannafélagsins og laganefnd þess hafa tekið þetta frumvarp til ítarlegrar athugunar og fagna ýmsum réttarbótum sem þar er mælt fyrir um.

Endurupptaka dæmdra mála, 45. gr. frumvarpsins. Ekki verður undan því vikizt að geta þess, að þær tillögur frumvarpsins, sem fjalla um annað en réttarstöðu brotþola, eru sumar allt annað en smávægilegar. Sérstaklega er rétt að vekja athygli á tillögu um breytingu á 45. gr. frumvarpsins um nýjan c-lið við 184. gr. laganna. Í réttarfari menningarþjóða er það meginregla, að með endanlegum dómi sé þrætu lokið. Frá þeirri meginreglu eru einungis gerðar undantekningar, ef alveg sérstaklega stendur á og slíkar endurupptökuheimildir ávallt mjög þröngar. Ákvæði um heimildir til endurupptöku dæmdra sakamála eru með mismunandi sniði í þeim löndum, sem við berum okkur helzt saman við og má geta þess að í Noregi og Danmörku eru endurupptökuheimildir dæmdra sakamála rýmri en hér. Dönsku ákvæðin, sem eru nokkurra áratuga gömul, hafa að geyma heimild til endurmats á sönnunargögnum, sem fram voru færð í málinu, þegar yflrgnæfandi líkur eru til að þau hafi verið ranglega metin. Þessi endurmatsheimild er þó tímabundin, það er henni verður ekki beitt nema í fimm ár frá dómsuppsögu, eða í allra síðasta lagi tveimur árum eftir að dómpoli lýkur afplánun refsivistar. Norsku ákvæðin, sem eru tiltölulega ný, hafa ekki að geyma samsvarandi tímamörk. Í 45. gr. frumvarpsins eru engin tímamörk sett. Á það er rétt að benda, að bæði í Danmörku og Noregi geta úrslit sakamála í undirrétti ráðizt af niðurstöðu kviðdóms.

Meginregla í réttarfari- endurmat munnlegs framburðar. Breyting sú sem lögð er til með 45. gr. frumvarpsins varðar meginreglu í réttarfari, eins og áður er getið. Ekki hefur farið fram neim fagleg könnun á mismunandi úrræðum, sem fyrir hendi kunna að vera til rýmkunar á endurupptökuheimildum. Eins og bent var á að framan eru reglur um þetta mismunandi í nálægum löndum og m.a. má vera, að kviðdómsskerfi sem þar eru víða, kunni að hafa veruleg áhrif á þörf rýmri endurupptökuheimilda. Hvorki reglurnar sjálfar né annað réttarumhverfi í þessum löndum hafa sætt þeirri könnun sem nauðsynleg er áður en svo veigamikil ákvörðun er tekin sem að gjörbreyta

heimildum til endurupptöku dæmdra mála. Á það má ennfremur benda, að í 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 er ákvæði sem bannar Hæstarétti að endurmeta niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu fyrir Hæstarétti. Sýnist skjóta nokkuð skökku við, að Hæstarétti sé bannað að endurmeta sönnunargildi munnlegra framburða í áfryjuðu máli, sem er þar fyrir dómi, en heimila jafnframt endurmat vitnisburða í löngu dæmdum málum. Virðist þetta misræmi einnig þurfa verulegrar skoðunar við.

Nauðsyn vandaðs undirbúnings löggjafar. Á síðasta sumri stóðu Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands fyrir málþingi, þar sem m.a. var fjallað um nauðsyn vandaðs undirbúnings löggjafar. Þar var á það bent, að mikilsverð mál þyrftu að fá efnislega umfjöllun sérfræðinga og þeirra sem málið varða áður en löggjöf væri sett. 45. gr. frumvarpsins hefur ekki fengið neina slíka skoðun. Eins og áður er getið hefur á vegum Lögmannafélagsins farið fram ítarleg skoðun á frumvarpinu. Sá tími sem til ráðstöfunar hefur verið leyfði þó ekki, að könnuð væri framkvæmd sambærilegra ákvæða í Danmörku, Noregi og öðrum nálægum löndum, og heldur ekki, hvort kviðdómsfyrirkomulag hefði áhrif á þessar reglur, né hver þau áhrif þá væru.

Stjórn og laganefnd Lögmannafélags Íslands telja sig ekki í færum um að taka á þessu stigi afstöðu til 45. gr. frumvarpsins. Rétt er að taka sérstaklega fram, að LMFÍ er ekki með þessu að taka afstöðu gegn rýmkun endurupptökuheimilda, heldur einungis að leggja áherzlu á, að ekki megi rasa að því ráði. Verður enda ekki séð, að slík brýn tímanleg nauðsyn sé á þessari breytingu, að ekki megi senda tillöguna til Réttarfarsnefndar og fela henni að gera á nokkrum mánuðum athugun á tillögunni, orðalagi hennar, fyrirkomulagi í öðrum löndum og líklegum áhrifum breytingarinnar. Að lokinni þeirri athugun mætti þá taka tillögu um rýmkun endurupptökuheimilda til meðferðar á næsta þingi, ef löggjafanum sýnist svo.

Ákvörðun málsvarnarlauna, 13. gr. frumvarpsins. Stjórn og laganefnd gera einnig athugasemd við 13. gr. frumvarpsins sem varðar 44. gr. núgildandi laga. Ljóst er að ákvörðun dómara á þóknun verjenda hefur verið handahófskennd, enda ekki við neinar reglur að styðjast nema tilfinningu dómara fyrir því hversu miklum tíma viðkomandi lögmaður hefur varið í málið. Hefur þetta jafnframt haft í för með sér mikið ósamræmi í framkvæmd milli einstakra dómstóla og jafnvel dómara. Þóknunir verjenda sem leggja jafnmikla vinnu í einstök mál, getur því verið mismunandi eftir því hver er dómari hverju sinni. Er þetta fyrirkomulag að mati Lögmannafélagsins óviðunandi. Af þeim sökum leggur félagið mikla áherslu á að 13. gr. frumvarpsins verði breytt svo tryggt verði að samræmi skapist í framkvæmd þessara mála milli einstakra dómstóla og dómara og síðast en ekki síst að verjendur fái greidd laun fyrir sannanlegt vinnuframlag. Að mati félagsins verður þetta best tryggt með því að verjendur leggi fram tímavinnuskýrslur fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi og rökstyðji kröfu sína um þóknun. Leggur Lögmannafélagið til að 13. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að á eftir 1. ml. 1. mgr. komi eftirfarandi málsliður:

“Skal þóknun ákvæðin á grundvelli rökstuddrar kröfu verjenda, sem skal byggjast á sannanlegu og eðlilegu vinnuframlagi hans.” Samsvarandi breytingu þarf að gera á 14. gr. i, að því er varðar réttargæslumenn brotþola. Í nefndarálitni mætti svo geta þess, að slíkrri rökstuddri kröfu yrði ekki hafnað nema með rökstuddri afgreiðslu.

Þá gerir LMFÍ eftirfarandi athugasemdir um nokkrar greinar frumvarpsins.

Um 4. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna er dómara heimilt endranar, eftir ósk sakbornings, að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við ákvæði þetta orðunum "... ef ástæða er til þess að mati dómara með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna".

Fyrirhuguð breyting á ákvæðinu virðist fela í sér þrengingu á heimild dómara til að skipa sakborningi verjanda, sbr. orðalag í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er breytingartillagan sögð vera að gefnu tilefni, en ekki er nánar útskýrt hvert tilefnið er. Dómara virðist einnig að einhverju leyti ætlað að taka afstöðu til sakarefnisins þegar á rannsóknarstigi, sbr. síðasta málslið athugasemdana.

LMFÍ telur það eiga að vera meginreglu að sakborningi sé skipaður verjandi við rannsókn máls, óski hann þess. Framangreind breytingartillaga gengur gegn þessu sjónarmiði. Félagið leggur því til að þessi grein frumvarpsins verði felld niður, enda hefur það ekki áhrif á efni frumvarpsins að öðru leyti.

Um 12. gr. frumvarpsins.

LMFÍ telur að í 2. mgr. 43. gr. laganna, eins og lagt er til að henni verði breytt, felist mikil réttarbót. Hins vegar bendir félagið á að það sé í þágu réttaröryggis að stytta verulega þann tíma, sem lögreglu er heimilt að neita verjanda um aðgang að gögnum, þ.e. eina viku samkvæmt 1. mgr. 43. gr.


Um 20. gr. frumvarpsins.


Samkvæmt 67. gr. laganna er það markmið rannsókna að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.

Í 20. gr. frumvarpsins er lagt til að við 66. gr. laganna bætist ákvæði sem heimili að efnt sé til sérstakrar rannsóknar máls, þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök sé fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæli með því.

LMFÍ bendir á að breytingartillagan í 20. gr. frumvarpsins virðist í andstöðu við þann megintilgang, sem opinber rannsókn máls hefur samkvæmt 67. gr. laganna.

Fyrir hönd Lögmannafélags Íslands


Jakob R. Möller, hrl.,
formaður stjórnar LMFÍ


Andri Arnason, hrl.,
formaður laganefndar LMFÍ